

fyrir báða málsaðilja, að því er varðar lögmæti vinnustöðvunar þeirrar, sem um er deilt í máli þessu, þykir rétt með vísun til 69. gr. laga nr. 80/1938 að dæma málið í heild þrátt fyrir ákvæði 108. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Vinnustöðvun, er hófst á Hótel Loftleiðum 2. apríl s.l., er verkfall af hálfu framreiðslumanna, og er verkfallið ólög-mætt.

Þriðja kröfulið í dómkröfum stefnanda, Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótels Loftleiða, og 3ja kröfulið í gagnkröfum stefnda, Alþýðusambands Íslands f. h. Félags framreiðslumanna vegna félagsmanna þess á Hótel Loftleiðum, er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi og stefndi eiga að vera sýknir af refsikröfum hvors annars í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. ágúst 1973.

Nr. 106/1973: Valdstjórnin  
gegna  
Haraldi Ólafssyni.

#### Dómenndur:

hæstaréttardómarmennir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1973. Gögn máls þessa bárust Hæstarétti hinn 12. og 20. s. m.

Af hálfu skipaðs verjanda varnaraðilja, Páls S. Pálssonar

hæstaréttarlögmanns, er þess krafizt, „að í stað gæzluvarðhalds verði ákveðið, að“ varnaraðili „sé lagður inn á hæli til lækningar, sbr. ákvæði 65. gr. almennra hegningarlaga, með hliðsjón af ákvæðum 62. gr. sömu laga.“

Eins og kröfugerð er háttað, verður að skýra hana svo, að krafizt sé, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Þá er krafizt kærumálskostnaðar.

Þegar litið er til brotaferils varnaraðilja, er með vísan til 5. og 6. tl. laga nr. 82/1961, sbr. nú 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973, rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. júlí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 10. júlí, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í dómssal hegningarhússins við Skólavörðustíg af sakadómurunum Halldóri Þorbjörnssyni, Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni.

Haraldur Ólafsson, Víðimel 32, fæddur 19. ágúst 1946 í Reykjavík, hefur í dag verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 12 ára fangelsi fyrir brot gegn 211., sbr. 20. gr., 219. gr., 220. gr. og 259. gr. alm. hegningarlaga og gegn umferðarlögum. Er jafnframt lokið gæzluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt undir rannsókn og meðferð þessa máls.

Af hálfu ákærvalds er þess krafizt, að Haraldur Ólafsson verði úrskurðaður til þess að sæta áfram gæzlu, unz hæstaréttardómur gengur í máli hans, en samkvæmt 1. tl. 175. gr. laga 82/1961 ber að áfrýja dóminum.

Kröfu þessari er mótmælt af hálfu dómfellda.

Með skírskotun til þeirrar refsingar, sem Haraldi hefur verið dæmd, þykir samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga 82/1961 rétt að taka kröfu þessa til greina. Lengd gæzluvarðhaldsins verður markaður ákveðinn tími, og við ákvörðun hans verður að líta til þess, að réttarhlé standa yfir í Hæstarétti til loka september. Þykir rétt, að Haraldur verði úrskurðaður til þess að sæta gæzluvarðhaldi

allt að 120 dögum, þó eigi lengur en til þess tíma, er Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu.

Því úrskurðast:

Haraldur Ólafsson sæti gæzluvarðhaldi allt að 120 dögum, þó eigi lengur en til þess dags, er Hæstiréttur kveður upp dóm sinn í máli hans.

Miðvikudaginn 1. ágúst 1973.

Nr. 110/1973: **Valdstjórnin**

gegn

**Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.**

**Dó m e n d u r:**

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.**

Kærumál. Gæzluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1973, sem barst dóminum 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. nú 1. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973.

**D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1973.**

Ár 1973, mánudaginn 16. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Birgi Þórmarr, kveðinn upp úrskurður þessi.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson var hinn 16. júní s.l. úrskurð-